



Öryggi í forgang

Kópavogsbær setur öryggismálin í forgang því slys eru ekki ásættanleg. Þannig geta allir í Kópavogi verið í öruggu og slysalausum umhverfi. Til að svo geti orðið þurfa allir starfsmenn bæjarins að hafa öflugan öryggisvitund svo öryggismenning vinnustaðarins sé í fyrirrúmi. Starfsemi bæjarfélagsins gerir ráð fyrir að öllum kröfum sé fylgt eftir samkvæmt lögum og reglugerðum og að sífellt sé unnið að endurbótum sem stuðla að auknu öryggi allra í Kópavogsbæ.

Áhersluþættir Kópavogsbæjar:

- Allir starfsmenn framfylgi öryggissamþykkt bæjarins.
- Áhugi starfsfólks á öryggismálum verði efldur með virkri forvarnarfræðslu og þátttöku í margvíslegri þjálfun öryggismála.
- Starfsfólk þekki og vinni samkvæmt gildandi öryggis- og vinnuverndarreglum til að tryggja öryggi starfsmanna, bæjarbúa og þjónustunotenda.
- Áhættumat verði gert fyrir öll störf bæjarins sem verði starfsfólki aðgengilegt.
- Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir (öryggisnefndir) verði virkir á öllum starfsstöðvum bæjarins.
- Framkvæmdir verða æfingar gegn bruna og annarri vá til að efla öryggisvitund starfsmanna.
- Starfsfólk noti undir öllum kringumstæðum viðeigandi öryggisbúnað, hlífðarfatnað og persónuhlífar samkvæmt reglugerðum.
- Lokið verði innleiðingu á rafrænu atvikaskráningakerfi sem allra fyrst.
- Öflugt samstarf við eftirlits- og viðbragðsaðila öryggismála.